

Stjórnarfundur

Fundargerð fimmtudaginn 12. september 2025

Mættir: Árni Sverrisson, Pálmi Gauti Hjörleifsson, Jón Frímann Eiríksson, Kristinn Hólm Ásmundsson, Tryggvi Eiríksson, Vignir Traustason úr stjórn félagsins. Guðjón Guðjónsson, Kristján Gísli Gunnarsson, Júlíus Víðir Guðnason og Gísli Valur Arnarsson varamenn í stjórn. Auk þess starfsmenn félagsins Páll Ægir Pétursson sem ritaði fundargerð og Jóna Brynja Birkisdóttir.

Formaður (ÁS) bauð alla velkomna og setti fundinn kl. 15:00.

Stjórnarfundurinn var haldinn á Grand hótél í Reykjavík, í salnum Ásgarði, í framhaldi af árlegum haustfundi Félags skipstjórnarmanna og Verðandi félags skipstjórnarmanna í Vestmannaeyjum sem stóð yfir frá kl. 10.00 til 15.00

Dagskrá

Eitt mál er á dagskrá fundarins, það er að fara yfir stöðuna í íbúða- og sumarhúsamálum félagsins og taka ákvarðanir í framhaldi af því.

ÁS fór yfir stöðuna og sagði frá því að innan stjórnar félagsins hafi í langan tíma verið umræða um nauðsyn endurnýjunar eldri íbúða og orlofshúsa. Mikil samstaða er innan stjórnar um að þessi endurnýjun sé nauðsynleg og hafi þegar verið unnin markviss vinna í þá átt.

Árið 2024 var íbúð í Furulundi á Akureyri seld og tvær nýjar íbúðir keyptar í Austurbrú 10 í staðinn. Á árinu 2025 hafa verið keyptar og teknar í notkun fjórar nýjar íbúðir í Borgartúni 26 í Reykjavík, ein íbúð seld í Ásholti 36, tvær íbúðir eru í sölumeðferð þ.e. Neðstaleiti 2, og Ásholt 26.

Talsverðar umræður urðu um málið og að þeim loknum voru eftirfarandi ákvarðanir samþykktar samhljóða:

- Ákveðið að selja öll fjögur sumarhús félagsins í landi Snorrastaða nærri Laugarvatni. Fyrir liggur bráðabirgða verðmat á eignunum, Ægisból 85 m, Sæból 55 m, Hrannarból 32 m, Laugaból 32 m, samtals: 204 milljónir.
- Ákveðið að selja sumarhús félagsins í Brekkuskógi, verðmat 59 milljónir.
- Ákveðið að kaupa tvö ný eða nýleg sumarhús á svæðinu Öndverðarnes – Laugarvatn.
- Ákveðið að kaupa eitt nýlegt hús bæta við einu sumarhúsi í Skorradal.
- Ákveðið að selja íbúð félagsins við Strandgötu á Akureyri.
- Ákveðið að ÁS kaupi fyrir hönd félagsins Hulduland 2 í Hálöndum Akureyri, ef samkomulag næst um verð.

Þessar ákvarðanir eru ekki teknar í fljótræði. Miklar og ítarlegar umræður hafa átt sér stað innan stjórnar félagsins um framtíðarsýn er varðar fasteignir FS, bæði orlofshús og íbúðir. Nú stendur yfir markviss endurnýjun eldri orlofskosta ásamt samræmingu á eignasafni félagsins, með það að markmiði að tryggja að félagsmenn hafi ávallt aðgang að sambærilegum og vönduðum eignum til útleigu.

Fleira ekki rætt og fundi stítið kl. 16:07

Árni Sverrisson
Formaður

Páll Ægir Pétursson
fundarritari